



Dverghamrar, Skaftárhreppur

Stjórnunar- og verndaráætlun 2019-2028

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| ADGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2023 | 5 |
| 1. INNGANGUR | 6 |
| 1.1. Samráð | 7 |
| 1.2. Eignarhald og umsjón | 7 |
| 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi | 7 |
| 1.4. Verndargildi og verndarflokkur | 8 |
| 2. LÝSING Á SVÆÐINU | 9 |
| 2.1. Mörk svæðisins | 9 |
| 2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði | 9 |
| 2.1.2. Aðkomuleiðir | 9 |
| 2.2. Náttúruminjar | 10 |
| 2.2.1. Jarðminjar | 10 |
| 2.2.2. Gróður og vistgerðir | 10 |
| 2.3. Menningarminjar | 10 |
| 2.4. Landnotkun | 10 |
| 2.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun | 10 |
| 2.4.2. Ferðapjónusta og útivist | 10 |
| 2.5. Innviðir og mannvirki | 11 |
| 2.5.1. Landvarsla | 11 |
| 2.5.2. Byggingar | 11 |
| 2.5.3. Aðgengi | 11 |
| 2.5.4. Vegir og bílastæði | 11 |
| 2.5.5. Stígar og gönguleiðir | 11 |
| 2.5.6. Skilti | 11 |
| 2.5.7. Úrgangur | 11 |
| 2.6. Öryggismál | 11 |
| 2.7. Rannsóknir og vöktun | 11 |
| 3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR | 12 |
| 3.1. Ástandsmat | 12 |
| 3.2. Náttúruminjar | 12 |
| 3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf | 12 |
| 3.3. Menningarminjar | 13 |
| 3.4. Landnotkun | 13 |
| 3.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun | 13 |
| 3.4.2. Ferðapjónusta og útivist | 14 |
| 3.5. Innviðir og mannvirki | 14 |
| 3.5.1. Landvarsla | 14 |
| 3.5.2. Byggingar | 14 |
| 3.5.3. Vegir og bílastæði | 14 |

| | | |
|-----------|---|-----------|
| 3.5.4. | Stígar og gönguleiðir | 14 |
| 3.5.5. | Skilti | 14 |
| 3.5.6. | Úrgangur | 15 |
| 3.6. | Öryggismál | 15 |
| 3.7. | Fræðsla og kynning | 15 |
| 3.8. | Mönnuð og ómönnuð loftför | 15 |
| 3.9. | Rannsóknir og vöktun | 16 |
| 4. | SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL | 17 |
| | VIÐAUKI I | 18 |
| | VIÐAUKI II | 19 |
| | VIÐAUKI III | 21 |
| | VIÐAUKI IV | 22 |

DRÖG

Leiðarljós

Leiðarljós Dverghamra er að standa vörð um jarðminjar svæðisins með stýringu umferðar um náttúruvættið, hæfilegum innviðum og fræðslu.

Aðgerðaáætlun 2019 – 2023

Kafli þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum fyrir náttúruvættið Dverghamra. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á, niðurstöður skráðar í dagbók landvarðar.
- ✓ Gert verði ástandsmat.
- ✓ Skiltum haldið við eftir þörfum.

2019

- ✓ Upplýsingar um Dverghamra á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar.
- ✓ Lokið verður við gerð göngustígar í gegnum náttúruvættið og áningarstað.
- ✓ Metin þörf á frekari stýringu á stígum með lágstemmda girðingu meðfram göngustígum.

2020

- ✓ Skilti verði uppfærð þar sem þær sérreglur sem gilda um svæðið koma fram.
- ✓ Upplýsingar uppfærðar á skilti þess efnis að allir gestir taki úrgang með sér.
- ✓ Sett verði skilti þar sem kemur fram að notkun ómannaðra loftfara er óheimil.
- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dverghamra og hún uppfærð annað hvert ár.
- ✓ Skoðaður verði sá möguleiki að skilgreina hluta leiðarinnar sem hjólastólafæra.

2021

- ✓ Kannaðir verði möguleikarnir á stækkun svæðisins og auglýsing um náttúruvættið endurskoðuð.
- ✓ Girðing umhverfis Dverghamra lagfærð.

2023

- ✓ Aðgerðaáætlun Dverghamra verði endurskoðuð.



1. Inngangur

Dverghamrar eru stuðlabergshamrar úr blágrýti og staðsettir austan við Foss á Síðu. Efst á stuðlunum er víða að sjá það sem kallast kubbaberg og gerir þá einkar sérstaka. Stuðlaberg líkt og það sem finnst í Dverghömrum myndast eftir að nýrunnið hraun hefur storknað.

Dverghamrar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987. Stærð náttúruvættisins er 2,14 ha.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Dverghamra hófst í mars 2019. Áætlunin var unnin af samstarfshópi um friðlandið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur og sveitarfélag. Hún er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess.

Starfshópin skiptuðu:

- ✓ Daníel Freyr Jónsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- ✓ Helgi Grétar Kjartansson, fulltrúi landeigenda.
- ✓ Jóna Björk Jónsdóttir, fulltrúi Skaftárhrepps.
- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Áætlunin gildir til ársins 2028 og er henni skipt í fjóra kafla. Fyrstu tveir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Dverghamra, í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla er að finna þær sérreglur sem gilda um hið friðlýsta svæði samkvæmt áætlun þessari. Með stjórnunar- og verndaráætluninni fylgir aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu og þeim sent bréf í upphafi verkefnisins þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

Listi yfir samráðaðila er að finna í [viðauka IV](#).

1.2. Eignarhald og umsjón

Dverghamrar tilheyra jörðinni Foss á Síðu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 13. gr. [laga nr. 60/2013](#) um náttúruvernd. Náttúruvættið heyrir undir teymi þjóðgarðs og náttúruverndar suðurs hjá Umhverfisstofnun.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Dverghamrar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987 í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 47/1971, sjá auglýsingu um friðlýsingu í [viðauka I](#). Samkvæmt friðlýsingunni er svæðið einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið. Þá kemur fram í friðlýsingarskilmálum að hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með leyfisveitingum á svæðinu og er umsjónaraðili hins friðlýsa svæðis.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Dverghamrar hafa verið deiliskipulagðir og eru hluti af staðfestu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, sjá kort af deiliskipulagi í [viðauka III](#).

Samkvæmt [deiliskipulagi fyrir áningarstaði ferðamanna](#) í Skaftárhreppi kemur fram að Dverghamrar séu innan landbúnaðarsvæðis, þar sem segir um svæðið: „Aðstaða fyrir

ferðapjónustu og léttan iðnað sem er lítill hluti af umfangi og starfsemi viðkomandi landbúnaðarsvæðis er ekki skilgreind sérstaklega“.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Myndunarsaga Dverghamra er merkileg og hafa þeir jarðfræði- og sögulegt verndargildi sem og fræðslugildi. Dverghamrar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987 og fellur skilgreining þess vel að lögum um [náttúruvernd nr. 60/2013](#), en samkvæmt 48. gr. laga þeirra segir um náttúruvætti: Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, bergtegunda og bergerða eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt skilgreiningu [Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN](#) fellur náttúruvættið í flokk III. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði en hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.



2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Mörk svæðisins fylgja núverandi girðingu umhverfis Dverghamra. Kort af hnitsettum mörkum svæðisins má sjá í [viðauka II](#).

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Dverghamrar eru staðsettir um 15 km austan Kirkjubæjarklausturs. Svæðið í kringum Dverghamra er afgirt landbúnaðarland.

2.1.2. Aðkomuleiðir

Dverghamrar liggja við þjóðveg 1 og er því aðgengi að náttúruvættinu mjög gott.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Dverghamrar eru einkar formfagrir stuðlabergshamrar sem standa fram á sléttlendi. Hamrarnir eru myndaðir úr blágrýti og eru nokkuð stórstuðlaðir, þar sem einstaka stuðlar eru allt að meter að þvermáli. Ofan á stuðlaberginu er svokallað kubbaberg. Stuðlaberg líkt og það sem finnst í Dverghömrum myndast í nýju hrauni. Eftir að hafa storknað heldur hraunið áfram að kólna og dregst það smátt og smátt saman, við það klofnar hraunið í stuðla, sem alla jafna eru með fimm eða sex horn. Stuðlarnir eru ávallt hornréttir á kólnunarflöt, sem veldur því að þeir standa lóðréttir í hraunlögum líkt og í Dverghömrum. Við lok síðustu ísaldar var sjávarstaða við Ísland hærri og er talið að núverandi útlit hamranna hafi þá verið mótað af sjávarrofi.

2.2.2. Gróður og vistgerðir

Samkvæmt [vistgerðakorti](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands finnst ein tegund vistgerðar á svæðinu, língresis- og vingulsvist. Verndargildi þessarar vistgerðar er hátt og er hún einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Ríkjandi tegundir æðplantna í vistgerðinni eru hálíngresi (*Agrostis capillaris*) og túnvingull (*Festuca rubra subsp. richardsonii*).

2.3. Menningarminjar

Á [minjavefsja](#) Minjastofunar Íslands er að finna upplýsingar um fornleifaskráningu og friðlýst hús og mannvirki á Íslandi. Samkvæmt minjavefsjanum er ekki að finna neinar friðlýstar minjar innan hins friðlýsta náttúruvættis Dverghamra.

2.4. Landnotkun

Náttúruvættið Dverghamrar er ekki stórt og einskorðast landnotkun þess við ferðamennsku, þar sem einungis er heimilt að ganga um svæðið eftir göngustígum þess. Áður fyrr voru Dverghamrar notaðir sem fjárréttir, eða fram á miðja 20. öld.

2.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Ekki hefur verið mikil ásókn í kvikmynda- og ljósmyndatöku í atvinnuskyni á svæðinu.

2.4.2. Ferðaþjónusta og útivist

Dverghamrar eru vinsæll áningastaður ferðamanna þar sem svæðið er í alfaraleið við þjóðveg 1. Foss á Síðu og Fossálar eru einnig í næsta nágrenni við Dverghamra og má líta á þessa þrjá staði sem eina heild sem áfangastað fyrir ferðamenn.

2.5. Innviðir og mannvirki

Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir göngustígum innan hins friðlýsta svæðis og áningarstað. Fyrir utan friðlýsta svæðið er gert ráð fyrir stækkun bílastæðis og uppbyggingu á salerni. Þar sem bílastæðið og salerni innviðauppbygging er fyrir utan mörk svæðisins verður ekki fjallað frekar um hana í þessari áætlun. Deiliskipulagið má sjá í [viðauka III](#).

2.5.1. Landvarsla

Svæðið er heimsótt reglulega af landverði Umhverfisstofnunar.

2.5.2. Byggingar

Ekki eru neinar byggingar innan hins friðlýsta svæðis.

2.5.3. Aðgengi

Aðgengi að Dverhömrum er gott, komið er að svæðinu frá Þjóðvegi 1 og eru göngustígar frá bílastæði sem liggja um svæðið. Í dag er svæðið ekki fært hjólastólum.

2.5.4. Vegir og bílastæði

Fyrir utan friðlandið liggur bílastæði út frá Þjóðvegi 1. Bílastæðið er fremur stórt en erfitt getur verið fyrir rútur að snúa við.

2.5.5. Stígar og gönguleiðir

Gönguleið liggur í hring um náttúruvættið, með áningastað fyrir því miðju. Unnið hefur verið að uppbyggingu göngustígs í áföngum og verður unnið í síðasta áfanganum á árinu 2019 og hringleiðin þar með öll uppbyggð.

2.5.6. Skilti

Tvö fræðsluskilti frá Vegagerðinni eru við náttúruvættið á bílastæðinu. Annað þeirra segir frá þjóðsögum af svæðinu og hitt fjallar um jarðfræði og myndun Dverghamra.

2.5.7. Úrgangur

Engar sorptunnur eru innan hins friðlýsta svæðis né á bílastæðinu.

2.6. Öryggismál

Öryggisáætlun liggur fyrir sem eftir á að staðfæra fyrir Dverghamra.

2.7. Rannsóknir og vöktun

Ekki hafa verið stundaðar margar rannsóknir innan svæðisins.



3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Dverghamra og viðhalda verndargildi svæðisins. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1. Ástandsmat

Umhverfisstofnun stefnir að því að árlega verði unnið ástandsmat fyrir náttúruvættið, hluti af ástandsmati snýr meðal annars að eftirliti með álagi á göngustíga og jarðvegsrof.

Aðgerðir:

- ✓ Gert verði ástandsmat fyrir náttúruvættið.

3.2. Náttúruminjar

Mikilvægt er að vernda þær jarðminjar sem finnast í Dverghömrum. Öll landnotkun skal vera með sjálfbærum hætti og ekki skal raska jarðminjum, gróðri né dýralífi. Vernda skal náttúruvættið Dverghamra og umhverfi þess og gæta að framkvæmdir og ágangur rýri ekki gildi svæðisins og ásýnd þess.

3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Stefnt skal að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. viðhaldi göngustíga og merkingum. Ef það þarf að bregðast við

jarðvegsrofi verður það gert í samráði við Landgræðsluna. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu. Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi náttúrufars og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á, niðurstöður skráðar í dagbók landvarðar.

3.3. Menningarminjar

Menningarminjar skulu verndaðar með því að stuðla að fræðslu og merkingu þeirra. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda innan svæðisins sem fela í sér jarðrask.

3.4. Landnotkun

Öll landnotkun innan náttúruvættisins og á áhrifasvæði þess skal vera í samræmi við markmið um verndun Dverghamra, deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi. Upp hafa komið hugmyndir um tvö svæði í nágrenni Dverghamra, Foss á Síðu og Fossálar, verði tengd náttúruvættinu. Öll þessi svæði eru vinsælir áningarstaðir ferðamanna. Hvorugt þessara svæða er friðlýst eða á náttúruminjaskrá. Þá hafa einnig verið uppi hugmyndir um að breyta mörkum náttúruvættisins með þeim hætti að innviðir sem þjónusta gesti svæðisins verði innan marka þess. Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal friðlýsing jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Til þess að tryggja nægilega vernd er mikilvægt að taka til skoðunar auglýsingu um friðlandið og mögulega stækkun þess, þá væri einnig hægt að skoða tengingu við hin tvö svæðin. Ekki er heimilt að tjalda innan hins friðlýsta svæðis sbr. [regla númer 3](#) í kafla 4

Aðgerðir:

- ✓ Kannaðir verði möguleikarnir á stækkun svæðisins og auglýsing um náttúruvættið endurskoðuð.
- ✓ Girðing umhverfis Dverghamra lagfærð.

3.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun sem felur í sér jarðrask eða breytt getur útliti eða eðli svæðisins er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem skipulagðar eru innan verndarsvæðisins skulu ekki raska gróðri og dýralífi. Vegna þess hve svæðið er lítið og til verndar kyrrðar og lífríkis er kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni og sem getur haft áhrif á náttúru friðlandsins háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr [reglu númer 1](#) í kafla 4. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

3.4.2. Ferðaþjónusta og útivist

Stefnt er að því að svæðið haldi sérstöðu sinni sem aðgengilegur áningarstaður þar sem stýring ferðamanna um göngustíga hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi náttúruvættisins. Gæludýr skulu vera í taumi og allur úrgangur hreinsaður frá þeim sbr. [regla númer 4](#) í kafla 4.

Aðgerðir:

- ✓ Metin þörf á frekari stýringu á stígum með lágstemmda girðingu meðfram göngustígum.

3.5. Innviðir og mannvirki

Nægir innviðir skulu vera til staðar til að taka á móti þeim gestum sem heimsækja svæðið. Samræmi skal vera í útliti og hönnun innviða og þeir skulu falla vel að umhverfinu. Reglulegt viðhald skal vera á innviðum. Framtíðaruppbygging skal vera í samræmi við stefnu náttúruvættisins og verndargildi þess.

3.5.1. Landvarsla

Umhverfisstofnun stefnir að því að virk landvarsla verði á svæðinu og að landvörður heimsæki náttúruvættið reglulega. Yfir sumartímenn er svæðið heimsótt daglega.

3.5.2. Byggingar

Ekki er stefnt á frekari uppbyggingu innviða en kemur fram í deiliskipulagi.

3.5.3. Vegir og bílastæði

Í [aðalskipulagi Skaftárhrepps](#) er gert ráð fyrir breytingu á veglínu frá Hörgsá að Fossálum, á leiðinni sem Dverghamrar liggja. Ekki liggur fyrir hvenær sú framkvæmd verður. Bílastæðið við náttúruvættið er á ábyrgð Vegagerðarinnar. Ekki er stefnt að breytingum á vegum né bílastæðum umfram það sem fram kemur í deiliskipulagi enda liggja bílastæðið og vegur fyrir utan hið friðlýsta svæði.

3.5.4. Stígar og gönguleiðir

Stefnt skal að því að allir göngustígar séu vel merktir og að villustígar verði afmáðir. Ljúka skal við gerð göngustígs og áningastaðs og að viðhald þeirra verði tryggt. Stefnt skal að því að gera hluta leiðarinnar færa fyrir hjólastóla.

Aðgerðir:

- ✓ Lokið verður við gerð göngustígs um náttúruvættið og áningarstað.
- ✓ Skoðaður verði sá möguleiki að skilgreina hluta leiðarinnar sem hjólastólafæra.

3.5.5. Skilti

Stefnt er að því að bæta við skilti um bann við notkun ómannaðra loftfara. Þau skilti sem til staðar eru verði uppfærð og haldið við eftir þörfum.

Aðgerðir:

- ✓ Skilti verði uppfærð þar sem þær sérreglur sem gilda um svæðið koma fram.
- ✓ Sett verði skilti þar sem kemur fram að notkun ómannaðra loftfara er óheimil.
- ✓ Skiltum haldið við eftir þörfum.

3.5.6. Úrgangur

Ekki er gert ráð fyrir því að tekið verði á móti úrgangi innan friðlandsins og skal fólk taka allan úrgang með sér út af svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar uppfærðar á skilti þess efnis að allir gestir taki úrgang með sér út af svæðinu.

3.6. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður staðfærð fyrir svæðið. Leggja skal áherslu á að gestir svæðisins virði merkingar og fylgi göngustígum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dverghamra og skal hún uppfærð annað hvert ár.

3.7. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um jarðminjar náttúruvættisins skal vera aðgengilegt almenningi og þeim sem nýta svæðið ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast því sem verið er að vernda, og þannig stuðla að góðri umgengni. Hugað skal að samstarfi við skóla í nærsamfélaginu um að þeir nýti svæðið til fræðslu og kennslu m.a. með upplýsingum á heimasíðu og samtali við skólastjórnendur og kennara.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar um Dverghamra á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar.

3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Vegna lífríkisverndar og til að verndar kyrrð og upplifun þeirra gesta sem heimsækja náttúruvættið sem er aðeins um 2 ha að stærð þá er óheimilt að nota ómönnuð loftför innan náttúruvættisins, svo sem flygildi, nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu númer 2](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi [reglur](#) um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

Aðgerðir:

- ✓ Sett verði skilti þar sem kemur fram að notkun ómannaðra loftfara er óheimil.

3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun Íslands að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun Íslands í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Dverghamra en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Dverghömrum sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Vegna þess hve svæðið er lítið og til verndar kyrrðar og lífríkis er kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni og sem getur haft áhrif á náttúru friðlandsins háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.4.1](#)
2. Vegna þess hve svæðið er lítið og til verndar kyrrðar og lífríkis er umferð ómannaðra loftfara bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.8](#). Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
3. Ekki er heimilt að tjalda innan hins friðlýsta svæðis, sbr. [kafla 3.4](#)
4. Gæludýr skulu vera í taumi og allur úrgangur hreinsaður frá þeim, sbr. [kafla 3.4.2](#)

Viðauki I

Auglýsing um friðlýsingu Dverghamar á Síðu

St. tíð. B. nr. 446/1987

Sérprentun nr. 501.

Auglýsing um friðlýsingu Dverghamar á Síðu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dverghamar á Síðu, Hörgslandsahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk svæðisins fylgja núverandi girðingu umhverfis Dverghamra, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita jarðmyndanir og líffræki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið.
3. Hvers konar losum jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.


Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson



Runólfur Þórarinnsson






Viðauki II

Kort af hinu friðlýsta svæði




| | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|------------------------|--|---|------------|--------|--------------|---------------------|-------------|-------|------------|---------------------|-------|------------|--|------------------------|
|  <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p> | <p>Dverghamrar</p> |  Dverghamrar náttúruvætti | <table border="1"><tr><td>Flatarmál:</td><td>2.1 ha</td></tr><tr><td>Kortavörpun:</td><td>Lambert keiluvörpun</td></tr><tr><td>Hrattstaða:</td><td>ISN03</td></tr><tr><td>Kortagerð:</td><td>Guðni Hannesson LMI</td></tr><tr><td>Dags:</td><td>07.05.2019</td></tr><tr><td></td><td>© Landmælingar Íslands</td></tr></table> | Flatarmál: | 2.1 ha | Kortavörpun: | Lambert keiluvörpun | Hrattstaða: | ISN03 | Kortagerð: | Guðni Hannesson LMI | Dags: | 07.05.2019 | | © Landmælingar Íslands |
| Flatarmál: | 2.1 ha | | | | | | | | | | | | | | |
| Kortavörpun: | Lambert keiluvörpun | | | | | | | | | | | | | | |
| Hrattstaða: | ISN03 | | | | | | | | | | | | | | |
| Kortagerð: | Guðni Hannesson LMI | | | | | | | | | | | | | | |
| Dags: | 07.05.2019 | | | | | | | | | | | | | | |
| | © Landmælingar Íslands | | | | | | | | | | | | | | |



| | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|------------------------|---|--|------------|--------|--------------|---------------------|-------------|-------|------------|---------------------|-------|------------|--|------------------------|
|  <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p> | <p>Dverghamrar</p> |  Dverghamrar náttúruvætti | <table border="1"> <tr> <td>Flatarmál:</td> <td>2.1 ha</td> </tr> <tr> <td>Kortavörpun:</td> <td>Lambert keiluvörpun</td> </tr> <tr> <td>Hinattiáða:</td> <td>ISN93</td> </tr> <tr> <td>Kortagerð:</td> <td>Guðni Hannesson LMI</td> </tr> <tr> <td>Dags:</td> <td>07.05.2019</td> </tr> <tr> <td></td> <td>© Landmælingar Íslands</td> </tr> </table> | Flatarmál: | 2.1 ha | Kortavörpun: | Lambert keiluvörpun | Hinattiáða: | ISN93 | Kortagerð: | Guðni Hannesson LMI | Dags: | 07.05.2019 | | © Landmælingar Íslands |
| Flatarmál: | 2.1 ha | | | | | | | | | | | | | | |
| Kortavörpun: | Lambert keiluvörpun | | | | | | | | | | | | | | |
| Hinattiáða: | ISN93 | | | | | | | | | | | | | | |
| Kortagerð: | Guðni Hannesson LMI | | | | | | | | | | | | | | |
| Dags: | 07.05.2019 | | | | | | | | | | | | | | |
| | © Landmælingar Íslands | | | | | | | | | | | | | | |

Viðauki III

Deiliskipulag Dverghamra.



Viðauki IV

Samráðsáætlun

- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Samgöngustofa
- Katla Geopark
- Landsbjörg
- Neyðarlínan
- Ferðamálastofa
- Landgræðsla ríkisins
- Skógrækt ríkisins
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Landvernd
- Fuglavernd
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samút
- Flugmálafélag Íslands
- Félag leiðsögumanna
- Lögreglan á Suðurlandi
- Rannóknarsetur Háskóla Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Síminn
- Míla
- Eldvötn
- Visit Klaustur